

1. Fundargerð

1. fundur Skipulags- og umhverfisnefndar Þingeyjarsveitar haldinn í Kjarna 15.10.2008.

Mættir voru: Ásvaldur Æ. Þormóðsson, Sigurður Skúlason, Hlöðver P. Hlöðversson og Snæfríður Njálsdóttir. Hörður Þ. Benónýsson boðaði forföll og kom ekki varamaður í hans stað.

- 1. Kosning varaformanns og ritara.**

Sigurður Skúlason var kjörinn varaformaður og Hlöðver P. Hlöðversson ritari.

- 2. Farið yfir erindisbréf skipulags- og umhverfisnefndar frá 7. ágúst 2008.**

Ákveðið að fresta afgreiðslu erindisbréfs til næsta fundar.

- 3. Erindi frá 4. fundi sveitarstjórnar 21.08.2008. „Afstöðumynd vegna frístundabyggðar í landi Fjósatungu“.**

Nefndin samþykkir að vísa erindinu til vinnslu við aðalskipulagsgerð Þingeyjarsveitar.

- 4. Erindi frá 7. fundi sveitarstjórnar 02.10.2008. „Deiliskipulagstillaga frístundabyggðar á landspildu úr Hafralæk Aðaldal.“ Deiliskipulagið er unnið hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar af Sigríði Kristjánsdóttur og Gunnari H. Gunnarssyni.**

Nefndin telur að ekki séu nægjanlegar upplýsingar um vatnsverndunarsvæði neysluvatns úr borholu við jaðar svæðisins og að skilgreina þurfi betur aðkomu og töku vatns til brunavarna. Nefndin gerir að öðru leiti ekki efnislegar athugasemdir við deiliskipulagstillöguna en beinum því til sveitarstjórnar að skipulagsstjóri sveitarfélagsins fái tillöguna til umsagnar.

- 5. Deiliskipulagstillaga Virkjun í Nípa Árteigsvirkjun 5. Greinargerð og umhverfisskýrsla. Unnin af arkitektastofunni Form og Verkfræðistofu norðurlands.**

Nefndin gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Fleira ekki bókað og fundi slitið.